

Miðvikudagurinn 8. maí 1996 kl. 13:00

73. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 16/1996

**Kvörtun Lífs og sögu ehf. yfir fyrirhugaðri útgáfu
Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*.**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 29. janúar 1996, frá Sigmundi Hannesyni, hrl., sem fyrir hönd Braga Sveinssonar og bókaforlagsins Lífs og sögu ehf. kvartar yfir fyrirhugaðri útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*.

Í erindinu kemur fram að Líf og saga hefur síðastliðin fjögur ár gefið út bækur undir nafninu *Gestur* og er fimmta bókin væntanleg í maí. Bækurnar, sem eru ætlaðar erlendum ferðamönnum, liggja frammi á gistiherbergjum og er einnig dreift erlendis. Efni bókanna byggist á landkynningu og auglýsingum. Helgi Steingrímsson var ritstjóri *Gests* síðastliðin tvö ár en hætti því starfi fyrirvara-
laust og að eigin ósk um mánaðamótin nóvember/desember 1995.

Í erindinu segir síðan:

„Er umbj.m. varð þess áskynja að fyrrv. ritstjóri Gestsins hafði gengið til samstarfs við Miðlun ehf. um útgáfu slíkrar bókar, skrifaði hann Miðlun ehf. bréf hinn 12. desember 1995...

*Umbj.m. fékk síðan staðfestingu þess að Miðlun ehf., Ægisgötu 7, Reykjavík, hafi ákveðið að ráðast í útgáfu bókar undir heitinu *Dear Visitor* sem „...mun liggja frammi á hótél- og gistiherbergjum víða um landið og einnig á þeim stöðum þar sem ferðalanga er von“.*

Síðar segir:

„Að mati undirritaðs brýtur fyrirhuguð útgáfa Miðlunar ehf. m.a. gegn lög-
vörðum rétti umbj.m. á bókartitlinum, jafnframt sem Miðlun ehf. hefur með
margvísl. hætti brotið gegn ákv. samkeppnislaga gagnvart umbj.m. með fyrir-
hugaðri útgáfu. Um frekari rökstuðning vísast til bréfs undirritaðs til Miðlunar
ehf., dags. 28. janúar 1996...“

Í fyrrnefndu bréfi lögmannsins til Miðlunar krefst hann þess m.a. að látið sé af
fyrirhugaðri hagnýtingu og/eða notkun á titlinum *Gestur/Visitor*. Í bréfinu segir
síðan:

„Umbj.m. hefur öðlast höfundarrétt á bókarheitinu *Gestur*. Skv. 51. gr.
höfundarréttarlaga nr. 73/1972, njóta m.a. bókatitlar sérstakrar verndar...“

*Miðlun ehf. hefur jafnframt brotið gegn höfundarétti umbj.m. með því að nota
hugverk hans með ótilhlýðilegum og ólögætum hætti í þeim tilgangi að afla
sjálfum sér ávinnings á kostnað umbj.m.*

*Ljóst er að þetta ákv. höfundarlaga á um margt skyldara við ýmis ákv.
samkeppnis- og vörumerkjaréttar.“*

Síðar segir:

„Að mati umbj.m. brýtur fyrirhuguð útgáfa Miðlunar ehf. á bókinni *Dear
visitor* gegn ákv. samkeppnislaga um óréttmæta viðskiptahætti og vísast í því
sambandi m.a. til 20., 21., 25., og 27. gr. laganna.

- *Yður er ekki heimilt skv. framansögðu að nota auðkennið/bókartitilinn
„Dear visitor“*
- *Fullyrðingar yðar varðandi samninga um dreifingu á „Dear visitor“
eru rangar.“*

Með erindi lögmannsins fylgdi dreifibréf Miðlunar, frá 17. janúar 1996, þar
sem fjallað er um fyrirhugaða útgáfu en þar segir m.a.:

„Ritstjórn *Dear Visitor* verður í höndum Helga Steingrímssonar sem ritstýrt
hefur bókunum *Gestur 1994* og *Gestur 1995* en báðar þær bækur fengu mikið
lof fyrir vönduð vinnubrögð og verður *Dear Visitor* með svipuðu sniði.

Miðlun ehf. hefur þegar gert samninga um dreifingu á Dear Visitor sem nemur rúmlega 70% af hótél- og gistiherbergjum á Íslandi...“

II. Málsmeðferð

1.

Erindi lögmanns Lífs og sögu var sent Miðlun til umsagnar og barst svar, dags. 16. febrúar 1996, frá Ólafi Garðarssyni, hrl., fyrir hönd Miðlunar. Lögmaður Miðlunar telur kvartanir Lífs og sögu ekki eiga við rök að styðjast og segir:

„Fyrirhuguð bók (bæklingur) umbj. míns er ekki komin út. „Glæpurinn“ hefur með öðrum orðum ekki verið framinn. Til þess að Samkeppnisráð geti tekið ágreiningsefni til úrlausnar þarf fyrirhuguð útgáfa umbj. míns að liggja fyrir. Kvartanda standa eins og sakir standa önnur réttarfarsúrræði, t.a.m. lögbann, til boða vilji hann reyna að hindra fyrirhugaða útgáfu.“

Í svarinu kemur fram að Miðlun hafi ekki ákveðið hvort um bækling eða bók verði að ræða en heitið *Dear Visitor* sé ákveðið og það verði seint talið brjóta gegn samkeppnislögum. Síðan segir:

„Ef fyrst er vikið að meintu broti á 20. gr. samkeppnislaganna þá getur það varla talist brot á góðum viðskiptaháttum að ætla sér að gefa út bók/bækling undir heitinu „Dear Visitor“ jafnvel þó að annar aðili hafi í fjögur ár gefið út bók með nafninu „Gestur“!

Útgáfunum er báðum ætlað að þjóna erlendum ferðamönnum en slíkt heitir ekki brot á góðum viðskiptaháttum heldur heilbrigð samkeppni...

Umbj. minn telur sig heldur ekki hafa gerst brotlegan við 21. gr. samkeppnislaga. Hann telur sig hvergi hafa veitt rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar eða beitt viðskiptaaðferðum sem eru því marki brenndar.“

Lögmaðurinn telur að það sé lágmarkskrafa að kærandi tilgreini hvar og hvenær Miðlun hafi gerst sek um brot og segir:

„Umbj. minn hefur aðeins í einu dreifibréfi, þ. 17. janúar 1996, minnst á útgáfu kvartanda á bókinni „Gestur“ og var það til þess að gefa væntanlegum þátttakendum í útgáfunni til kynna hvað væri í boði. Sagt var að bækur þær sem Helgi Steingrímsson hefði ritstýrt hefðu fengið lof fyrir vönduð vinnubrögð og yrði útgáfa „Dear Visitor“ með „svipuðu sniði“. Þetta geta ekki talist rangar eða villandi viðskiptaaðferðir.“

Lögmaður Miðlunar telur að Líf og saga hafi ekki lögvarinn rétt á nafninu *Dear Visitor* þar sem útgáfa þeirra hafi verið stunduð undir nafninu *Gestur*. Líf og saga hafi, eftir að hafa orðið varir við fyrirhugað heiti á útgáfu Miðlunar, reynt að fá nafnið *Dear Visitor* skráð. Skráningunni hafi verið mótmælt og ekki liggi fyrir á þessari stundu hvort hún verði heimiluð og þá hverjum. Tómt mál sé því að tala um brot á 25. gr. samkeppnislaga.

Í svari lögmannsins segir að lokum:

„Ekki er á nokkurn hátt skýrt í bréfi kvartanda á hvern hátt umbj. minn á að hafa brotið 27. gr. samkeppnislaga. Er því útilokað fyrir umbj. minn að verjast þessum ásökunum um lögbrot. Í þessu sambandi er þó vert að geta þess að Helgi Steingrímsson sem áður starfaði fyrir Líf og sögu ehf. er ekki skv. samningi bundinn nokkrum klöfum er hefta atvinnufrelsi hans til frambúðar. Kvartanda hefði þó verið í lófa lagið að hafa slík ákvæði í vinnusamningi sínum við Helga en gerði það ekki.“

2.

Svar lögmanns Miðlunar var sent lögmanni Lífs og sögu til umsagnar og í svari hans, dags. 7. mars 1996, segir:

„Ekki verður á það fallist að mál þetta eigi ekki undir verksvið Samkeppnisstofnunar þar sem fyrirhuguð bók sé ekki komin út. Svo sem greinir í bréfi lögm. kæranda, til Miðlunar ehf., dags 28. janúar sl. þá brýtur fyrirhuguð útgáfa Miðlunar ehf., á bókinni „Dear Visitor“, gegn lögvernduðum rétti kæranda skv. höfunda- og vörumerkjarétti.“

Lögmaðurinn telur vinnubrögð Miðlunar með þeim hætti að kærandi verði að leita réttar síns vegna brota þeirra á samkeppnislögum. Rekur lögmaðurinn nánar í hverju brotin séu fólgin og segir, um 21. gr. samkeppnislaga, að í dreifi-bréfi Miðlunar, frá 17. janúar 1996, til fyrirhugaðra viðskiptavina standi:

„Miðlun ehf., Ægisgötu 7, Reykjavík, hefur ákveðið að gefa út bók sem mun bera heitið Dear Visitor.“

Í svari lögmanns Miðlunar komi aftur á móti fram að ekki hafi verið ákveðið hvort útgáfan yrði í formi bókar eða bæklinga. Að mati lögmanns Lífs og sögu getur bæklingur ekki verið með svipuðu sniði og útgáfa *Gests* eins og fullyrt er í dreifibréfi Miðlunar.

Lögmaður Lífs og sögu segir síðan að í dreifibréfi Miðlunar sé staðhæft að þeir hafi gert samninga um dreifingu *Dear Visitor* til rúmlega 70% gistiherbergja landsins og að frekari samningar séu í burðarliðnum. Lögmaðurinn bendir á að Líf og saga hafi skriflega dreifingarsamninga um að *Gestur 1996* verði eina bók sinnar tegundar í 782 gistiherbergjum og að auki munnlega samninga sem nái til 430 herbergja. Þessu til staðfestingar sendir lögmaðurinn ljósrít af yfirlýsingu nokkurra hóteltjóra og telur að staðhæfing Miðlunar um dreifingu *Dear Visitor* standist ekki.

Þá áréttar lögmaðurinn að Helgi Steingrímsson fyrrum ritstjóri *Gests* hafi villt á sér heimildir við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu *Dear Visitor* og sendir því til staðfestingar yfirlýsingar frá bílaleigunni ALP og hóteltjórum Hótel Bræðraborgar í Vestmannaeyjum og Hótel Keflavíkur. Einnig fylgdi með afrit af samkomulagi sem Helgi Steingrímsson f.h. Miðlunar og ýmsir hóteltjórar hafa undirritað. Í samkomulaginu segir m.a.:

„Miðlun hf. í samvinnu við Helga Steingrímsson mun standa að útgáfu bókar er ætluð er erlendum ferðamönnum...“ og síðar í samkomulaginu segir:

„Einnig er markmiðið að reyna að tryggja dreifingu á Hótel Sögu og Hótel Holti þrátt fyrir að þessi hótel hafi ekki verið með í dreifingu árið 1995.“

Lögmaður Lífs og sögu bendir á að þarna sé nefnd dreifing á árinu 1995 en fyrirhuguð útgáfa hafi ekki verið til þá.

Að lokum segir í svari lögmannsins:

„M.a. með hliðsjón af framansögðu má ljóst vera að vinnubrögð Miðlunar ehf., við undirbúning vegna fyrirhugaðrar útgáfu á bókinni Dear Visitor, fást

ekki samrýmst ákv. samkeppnislaga, þar sem Miðlun ehf., hefur í raun tekið hugverk kæranda, sem er heilsteypt viðskiptahugmynd, hagnýtt sér hana, og freistar þess nú að markaðssetja hana m.a. á þann hátt að gefa villandi upplýsingar og beita blekkingum með því að laða til sín viðskiptavinum. Í sumum tilvikum hefur viðskiptavinurinn verið í góðri trú um að hann væri í raun að eiga viðskipti við kæranda. Allt er þetta gert á kostnað kæranda.“

3.

Þar sem ítarlegri rökstuðningur kvörtunarinnar kom fram í svari lögmanns Lífs og sögu var svarið sent lögmanni Miðlunar til umsagnar. Svar barst frá lögmanninum, dags. 22. mars 1996, og í því segir m.a. að skráning Lífs og sögu á nafninu *Gestur* í janúar 1996 veiti þeim ekki lögverndaðan rétt þar sem skv. lögum þurfi að lýsa eftir andmælum við skráninguna. Þá segir:

„Ritstjóri bókarinnar „*Dear Visitor*“ er Helgi Steingrímsson sem áður ritstýrði bókinni „*Gestur*“ árin 1994 og 1995. Helgi hefur hvergi reynt að villa á sér heimildir heldur hvarvetna tilkynnt að hann væri á vegum Miðlunar ehf. vegna fyrirhugaðrar útgáfu hótélbókar undir nafninu „*Dear Visitor*“. Hann hafði bókina „*Gestur 95*“ stundum með sér þar sem hann ritstýrði því verki. Með því vildi Helgi gefa væntanlegum viðsemjendum hugmynd um það hvernig bók hann væri að tala um. Helgi sagði hvergi að bókin „*Dear Visitor*“ yrði eins og bókin „*Gestur 95*“ enda verða þær ólíkar sem og efnistöð. Umbj. minn veitti því hvergi rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar.

Kærandi hefur víða leitað fanga við það að reyna að sverta útgáfu Miðlunar ehf. og nafn Helga. Fylgdu þannig ýmis gögn síðustu athugasemdum kæranda sem líklega var ætlað að sanna mál kæranda. Umbj. minn ætlar ekki að elta ólar við þau gögn en lætur nægja að benda á samkomulag dags. 8. desember 1995 milli Scandic hótela og Eddu hótela annar vegar og umbj. míns hins vegar. Þetta samkomulag er dæmigert fyrir þau samkomulög sem umbj. minn hefur verið að gera. Þess vegna er fróðlegt að lesa að vandlega er tekið fram í samkomulaginu að viðsemjendur séu Helgi Steingrímsson f.h. Miðlunar hf.! Varla felast því rangar eða villandi upplýsingar í þessu samkomulagi.“

Einnig segir lögmaðurinn að Scandic-hótelin virðist ætla að hafa báðar bækurnar á herbergjum sínum og fylgir því til stuðnings ljósrit af samkomulagi milli Scandic-hótelanna og Miðlunar frá 1. mars sl. Í samkomulaginu segir að bókin *Dear Visitor* muni liggja frammi á herbergjunum árið 1996. Jafnframt er

tekið fram að samkomulaginu fylgi engar fjárhagslegar skuldbindingar og að það sé gert með þeim fyrirvara að það gangi ekki á skjön við samning milli Lífs og sögu og Scandic-hótelanna.

III. Niðurstaða

1.

Af hálfu kæranda, Lífs og sögu, er því haldið fram að Miðlun hafi í atvinnustarfsemi sinni brotið gegn 20., 21., 25., og 27. gr. samkeppnislaga.

Miðlun telur að þar sem fyrirhuguð bók/bæklingur sé ekki komin út geti Samkeppnisráð ekki úrskurðað í málinu. Samkeppnisráð telur að þetta sé ekki rétt þar sem fyrir liggi að samningar hafi þegar verið gerðir um fyrirhugaða útgáfu og því skipti ekki máli að bókin sjálf sé ekki komin út.

2.

Kærandi heldur því fram að fyrirhugaður bókartitill Miðlunar, *Dear Visitor*, brjóti gegn 25. gr. samkeppnislaga þar sem þeir hafi sl. fjögur ár gefið út samsvarandi bók undir titlinum *Gestur*.

Í 25. greininni er fjallað um rétt fyrirtækja til firmamerkja og hljóðar hún svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verzlunarkerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Að mati Samkeppnisráðs eru titlarnir *Gestur* og *Dear Visitor* það frábrugðnir að ekki verði villst á þeim tveimur og telst nafngiftin *Dear Visitor* því ekki brot á 25. gr. samkeppnislaga.

3.

Kærandi telur að fyrirhuguð útgáfa Helga Steingrímssonar og Miðlunar brjóti gegn 27. gr. samkeppnislaga en í henni er fjallað um atvinnuleyndarmál og hljóðar hún svo:

„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess hátt er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir um 27. gr.:

„Almenn þekking og reynsla starfsmanns getur ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Til þess að svo sé þarf að liggja fyrir þekking sem er sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skiptir máli fyrir starfsemina.

Það verður að gera þær kröfur til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt greininni að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það liggja í hlutarins eðli.“

Ekki hefur verið sýnt fram í máli þessu að kærandi hafi krafist þess að Helgi Steingrímsson færi leynt með þá þekkingu sem hann aflaði sér í starfi sínu sem ritstjóri *Gests*. Ekki verður heldur litið svo á að það liggja í hlutarins eðli að sú þekking eða reynsla sem felst í útgáfu á umræddu riti teljist til atvinnuleyndarmála. Verður í því sambandi að hafa í huga að samskonar rit og *Gestur* eru víða

gefin út erlendis og liggja frammi á hótélherbergjum. Í ljósi þessa telur Samkeppnisráð að 27. gr. samkeppnislaga hafi ekki verið brotin í máli þessu.

4.

Í 21. gr. samkeppnislaga er fjallað um eina mikilvægustu meginregluna sem felst í löggjöf um ólögmdæta viðskiptahætti en þar segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í dreifibréfi Miðlunar, frá 17. janúar 1996, er fullyrt að gerðir hafi verið samningar um dreifingu *Dear Visitor* til rúmlega 70% hótél- og gistiherbergja á Íslandi og telur kærandi að þessi fullyrðing standist ekki. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 4.090 herbergi á hótél- og gistihúsum á Íslandi sumarið 1994. Af gögnum málsins verður ekki séð að fullyrðingin standist og er það því mat Samkeppnisráðs að hún brjóti í bága við 21. gr. samkeppnislaga.

5.

Um mánaðarmótin nóvember/desember 1995 lét Helgi Steingrímsson af störfum hjá kæranda sem ritstjóri *Gests* en hann hafði gegnt því starfi um tveggja ára skeið. Helgi hóf síðan störf hjá Miðlun við útgáfu á sambærilegu riti sem bera mun titilinn *Dear Visitor*. Við markaðssetningu *Dear Visitor* hefur Miðlun m.a. sent út dreifibréf og Helgi farið á fund væntanlegra viðskiptavina.

Kærandi telur að Helgi hafi við markaðssetningu *Dear Visitor* gefið í skyn að hann væri að kynna *Gest*. Því til sönnunar leggur hann fram yfirlýsingar frá þremur aðilum þar sem lýst er samskiptum þeirra við Helga. Í yfirlýsingu Arnórs L. Pálssonar hjá bílaleigunni ALP segir:

„Í janúar 1996 gerði ég samning við Líf og sögu ehf. um auglýsingu í Gestinn 1996. Daginn eftir leitaði til mín Helgi Steingrímsson sem hafði verið ritstjóri Gestsins 94–95 og haft samband við mig áður vegna hans.

Helgi hafði í fórum sér Gestinn 95 og ekki var hægt að skilja á honum annað en að hann væri að reyna að selja mér auglýsingu í þá bók. Að mínu áliti reyndi Helgi að villa á sér heimildir og ef ég hefði ekki þá þegar verið búinn að gera samning við Líf og sögu ehf. þá hefði ég einfaldlega gert samning við Helga í þeirri trú að ég væri að gera samning við útgefanda Gestsins.“

Í yfirlýsingu hótelsstjóra Hótel Bræðraborgar í Vestmannaeyjum segir:

„Í desember 1995 leitaði til mín Helgi Steingrímsson um staðfestingu á dreifingu bókar á herbergi hótelsins, en ég hafði haft bók sem hann var ritstjóri að 94–95 („Gestur“) til dreifingar í nokkur ár.

Í máli Helga kom ekkert fram um að aðstæður hans hefðu breyst frá fyrra sumri. Á engan hátt var hægt að skilja orð hans öðruvísi en að hann ynni enn að útgáfu Gestsins og það væri vegna þeirrar bókar sem hann óskaði eftir dreifingu.

Eftir samtál okkar fékkst það staðreynt hjá öðrum að Helgi væri ekki lengur ritstjóri Gestsins og ynni ekki lengur fyrir útgefanda þeirrar bókar, Líf og Sögu hf. Hið sanna mun vera að Helgi réð sig til Miðlunar hf. í byrjun desember '95 til að vinna þar að annarri bók með svipuðum tilgangi og Gesturinn og var því í raun að sækjast eftir dreifingu þeirrar bókar þó svo það hafi aldrei komið fram í máli hans“

Í yfirlýsingu hótelsstjóra Hótel Keflavíkur segir:

„Til mín leitaði Helgi Steingrímsson, með dreifingu á hótelsbók sem til stóð að gefa út á vormánuðum 1996. Um var að ræða bók sem átti að vera með svipuðu sniði og hótelsbókin Gestur, en þeirri bók hef ég dreift síðastliðin ár á hótelsherbergjum mínum og notaði hann bókina Gest til að kynna væntanlega bók sína. Það ber að taka fram að Helgi var ritstjóri Gestsins 94–95 og þar af leiðandi höfðum við átt góð samskipti.

Helgi Steingrímsson minntist ekki á að bókin sem hann/Miðlun hf. hygðust gefa út gæti hugsanlega komið út í bæklingisformi sem að mínu viti væri ekki fullnægjandi og alls ekki það sem talað var um...“

Í samkomulagi kæranda og ýmissa hótela um fyrirhugaða útgáfu *Dear Visitor*, frá 8. desember 1995, segir m.a.:

„Einnig er markmiðið að reyna að tryggja dreifingu á Hótel Sögu og Hótel Holti þrátt fyrir að þessi hótel hafi ekki verið með í dreifingu árið 1995.“

Í 20. gr. samkeppnislaga er fjallað um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi og hljóðar greinin svo:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir um þessa grein að hún sé meginregla sem nái til ýmissa tilvika sem aðrar greinar kaflans um óréttmæta viðskiptahætti taki ekki til. Jafnframt segir:

„Matið á því hvað telja beri góða viðskiptahætti ræðst af atvikum á þeim stað og tíma sem verknaður er unninn á. Ekki er nægilegt að kanna hvað teljist góðir viðskiptahættir að áliti góðra og grandvarra manna í þeirri grein atvinnulífsins sem um er að tefla hverju sinni. Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs, jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki.“

Með tilliti til þess starfs sem Helgi Steingrímsson hafði með höndum fyrir kæranda, þ.e. útgáfu *Gests*, er það mat Samkeppnisráðs að Miðlun og starfsmaður hans, Helgi Steingrímsson, beri að gera glögga grein fyrir því á hvers vegum hann sé og hvað hann sé að selja er hann kemur fram fyrir hönd þeirra.

Með tilliti til þeirra gagna sem fyrir liggja verður að telja að viðskiptaaðferðir Miðlunar hafi verið villandi gagnvart viðskiptavinum og ósanngjarnar gagnvart kæranda. Miðlun hefur ekki, með skýrum hætti, látið koma fram að um aðra útgáfu væri að ræða en þá sem Helgi Steingrímsson hafði unnið að síðastliðin tvö

ár. Þá hafi þeir með margvíslegum hætti villt fyrir væntanlegum viðskiptavinum, svo sem með yfirlýsingu um að þeir muni reyna að tryggja dreifingu á hótelum sem ekki voru með í dreifingu á árinu 1995 en þá var einungis um bók kæranda að ræða. Miðlun hefur því að þessu leyti við sölu og kynningu fyrirhugaðrar útgáfu á *Dear Visitor* brotið gegn góðum viðskiptaháttum í atvinnustarfsemi, sbr. 20. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur að Miðlun ehf., Ægisgötu 7, Reykjavík, hafi með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu *Dear Visitor* brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Miðlun ber að gæta þess vandlega í viðskiptum sínum að skýrt komi fram að Helgi Steingrímsson standi ekki lengur að ritinu *Gesti*.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 8/1996](#)]